

Barnaheill hvetja stjórnvöld til að falla frá fyrirhugaðri skerðingu og styttingu á fæðingarorlofi

Barnaheill, Save the Children, á Íslandi lýsa yfir áhyggjum vegna frumvarps til laga um skerðingu á hámarksgreiðslum úr fæðingarorlofssjóði og frestun á töku orlofsins um þrjú ár. Barnaheill telja að með boðaðri breytingu sé ekki einungis verið að skerða réttindi foreldra, heldur að vegið sé að þeim rétti barnsins að fá að njóta sem lengstrar umönnunar móður og föður á fyrsta ári ævi þess.

Það fyrirkomulag fæðingarorlofs sem hefur verið við lýði á Íslandi undanfarin ár hefur markað tímamót hvað varðar réttindi barna og hefur m.a. stuðlað að aukinni þátttöku fedra í uppeldi barna sinna á fyrstu mánuðum ævi þeirra. Það hefur einnig gert foreldrum kleift að verja lengri tíma með barninu heima við og barnið því farið seinna í dagvistun utan heimilis.

“Þau tilfinningatengsl sem myndast milli barns og foreldra þess á fyrsta ári barnsins, eru grunnurinn að öðrum tilfinninga- og félagstengslum síðar á ævinni,” segir Petrína Ásgeirsdóttir, framkvæmdastjóri Barnaheilla. “Barn sem getur myndað góð og heilbrigð tengsl er með sterkari sjálfsmynd og mun ganga betur í leik og starfi. Því er afar mikilvægt fyrir þroska barnsins að það fái að njóta sem mestra samvista við foreldra sína á fyrsta æviári þess,” segir Petrína

Að mati Barnaheilla felur fyrirhugað breyting á tekjumarki í sér þá hættu að feður hafi ekki tök á að nýta sér fæðingarorlofsréttinn vegna skerðingu launa. Frestun á töku orlofsins um þrjú ár getur leitt til þess að barnið þurfi að fara fyrir í dagvistun utan heimilis en annars hefði verið raunin

Breytingarnar valda því ekki eingöngu tekjuskerðingu heimila, heldur hafa mikil áhrif á velferð barna og eru, að mati Barnaheilla, skerðing á réttindum þeirra. Barnaheill minna á að samkvæmt 3. grein Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna eiga allar ákvarðanir eða ráðstafanir yfirvalda er varða börn að byggja á því sem börnum er fyrir bestu.

Barnaheill hvetja stjórnvöld til að hafa hagsmuni barnsins að leiðarljósi þegar kemur að málefnum sem snerta þau og hvetja ríkisstjórnina til að falla frá fyrirhugaðri skerðingu og styttingu á fæðingarorlofi foreldra.

Nánari upplýsingar:

Petrína Ásgeirsdóttir framkvæmdastjóri Barnaheilla, gsm. 663 0547.